



FUNDARGERÐ BYGGINGANEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

14. fundur bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22 var haldinn 29. september 2021 kl. 17 að Búðarstíg 22. Mætt voru Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson, Bryndís Eir Þorsteinsdóttir og Eyþór H. Ólafsson. Grímur Jónsson verktaki var gestur fundarins. Einnig var á fundinum safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. **Verkleg staða framkvæmda.** Framkvæmdum er nánast lokið, einungis á eftir að setja upp bílahleðslustöð, setja állista á aðaldyr, smávægilegur frágangur utandyra er ólokið og eftir er að gera úttektir á framkvæmdum af eftirlitsstofnunum. Grímur Jónsson verktaki hefur skilað lykli sínum af Búðarstíg 22. Samþykkt var að fresta frágangi á bílahleðslustöð. Safnstjóra falið að kanna hvaða möguleikar eru í boði.

2. **Fjárhagsleg staða framkvæmda.** Lagt var fram ítarlegt skjal þar sem farið var yfir fjárhagslega þróun verkefnisins frá upphafi seinni hluta framkvæmda. Áætlaður endanlegur kostnaður við verklok annars áfanga er ríflega 162 milljónir króna en frá þeirri upphæð dregst virðisaukaskattur af vinnu iðnaðarmanna á verkstað sem er yfir níu milljónir króna og er það hærra en gert var ráð fyrir. Kaupverð Búðarstígs 22 var 83,5 milljónir króna og kostnaður við 1. áfanga var 56 milljónir króna. Búðarstígur 22 er 1703 fm að flatarmáli og endanlegt verð á fermetra því 177 þúsund krónur. Á næsta ári kemur lokaframlag Ríkissjóðs til framkvæmda að upphæð 5 milljónir króna. Byggingareikningi verður lokað á næstu dögum en skuld byggingareiknings við aðalreikning safnsins er nú 9,9 milljónir króna. Verkið allt er innan ramma áætlana sem gerðar voru áður en framkvæmdir hófust.

3. **Verklok.** Verkefni bygginganefndar um framkvæmdir við Búðarstíg 22 er lokið. Byggingarnefndin þakkar fyrirtækinu GJ tæki og fasteignir ehf fyrir aðkomu þess að framkvæmdunum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17,30.

Árni Eiríksson
Eggert Valur Guðmundsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Eyþór H. Ólafsson
Grímur Jónsson
Lýður Pálsson